



# Stillum strengi

Samstarf Þelamerkurskóla og  
Álfasteins

Grunnskóli og leikskóli í Hörgársveit

Verkefni í Heiltækri forystu2020 mars 2013

Ingileif Ástvaldsdóttir

# Hnotskurnin

- Í Hörgársveit búa að jafnaði 100 börn
- Þar er rekinn einn leikskóli og einn grunnskóli
  - Álfasteinn og Þelamerkurskóli
- Skólarnir hafa svipaðar áherslur í námskrám
- Formleg samvinna verið:
  - Reglulegar heimsóknir skólahóps leikskólans til yngsta námshóps grunnskólans
  - Stöku leiksýningar
  - Ekki náð til samfelli né samræmingar í námskrám

# Kveikjan

- Vilji sveitarstjórnar til að nýta fjármagn til skólamála betur en áður
- Vilji skólastjórnenda til meira samstarfs
- Vilji foreldra til að fækka mætingum sínum á viðburði á vegum skólanna og samræmingar skóladagatalanna
- Vilji starfsmanna til sameiginlegrar starfsþróunar
- Ný aðalnámskrá og skólastefna reikna með samvinnu skólastiga

# 1. skref verkefnisins

- Rýnt í foreldrakannanir skólanna
- Sameiginlegur starfsmannafundur á haustönn 2012
  - hópaumræður um mögulega fleti á samstarfi þessara skóla
  - þátttakendur skráðu allt sem þeim datt í hug sem gæti aukið samvinnu skólanna

## 2. skref verkefnisins

- Unnið úr hugmyndum fundarins
  - Flokkað, deilt út og tímasett
- Stýrihópur myndaður um verkefnið
  - Skólastjórnendur beggja skólanna
- Matshópur
  - stýrihópur og umsjónarkennarar yngsta námshóps og skólahóps ásamt fulltrúm úr foreldrafélögum skólanna

# Hugmyndir orðnar að verkefnum

- Verkefnin snúa að samstarfi vegna nemenda, samstarfi starfsmanna og foreldrafélaga
  - Verkefnin eru allt frá því að fjölga samverustundum **nemenda** og að nýta betur það sem fyrir er til þess að stofna vinnuhóp um námskrá sem gætir að samfelli í námi barnanna
  - Verkefnin vegna samstarfs **starfsmanna** taka bæði til félagsstarfs og starfsþróunar í formi heimsóknna, námskeiða og starfsskipa. Báðir skólarnir hefja t.d. innleiðingarferli sömu uppeldisstefnu næsta haust
  - Verkefni **foreldrafélaganna** næsta vetur verður m.a. að bjóða uppá sameiginleg fræðslu- og kynningarkvöld

# Dæmi um úrvinnslu hópastarfs

## Stillum strengi - samstarf leikskólans Álfasteins og belamerkurskóla


<b>Markmið</b>	Að fjölga listviðburðum nemenda og að nýta fjármagn skólanna fyrir fleiri	Að fjölga samverustundum 5 til 7 ára barna	Að fjölga samverustundum leikskólabarna og nemenda mið- og elsta stigs	Að bjóða skólahópi sundkennslu	Að bjóða skólahópi með á útivistardaga skólans	Að undirbúa betur en áður komu 1. bekkjar	Að endurmeta markmið og innihald undirbúnings fyrir grunnskólagöngu
<b>Aðgerðir</b>	Heimsóknir leikhópa og aðrir viðburðir samræmdir	Nemendur 1.-2. bekkjar heimsækja leikskólann tvisvar sinnum á vetri	Stilla saman íþróttastund/ir leikskólabarna og íþróttatíma nemenda ÞMS	Skólahópur fær sundnámskeið í sundtímum 1. bekkjar	Skólahópur fær boð um að vera með í skíðakennslu 1.-4. bekkjar. Á vorönn 2013 fær 1.-4. bekkur í fyrsta skipti skíðakennslu í Hlíðarfjalli 3x.	Nemendur skólahóps fá skólavinninn sinn í síðustu skólaheimsókninni áður en þeir byrja í 1. bekk.	Stofna vinnuhóp sem fer yfir námskrár skólahóps og yngstu deildar skólan. Hópnum einnig ætlað að kanna möguleika á samnýtingu námsgagna
	Tónlistarnemendur spila á leikskólanum um svipað leyti og þeir halda tónleika í ÞMS		Nemendur ÞMS "gestgjafar". Sjá um íþróttastund leikskólabarnanna.		Skólahópur er með á útiskóládögum vorannar og/eða 1.-2. bekkur er með skólahóp í útiskóla að vori		Gera námskrá skólahóps sem hefur það að markmiði að auka samfellu í námi barnanna
	Upplestur fyrir leikskólabörnin liður í undirbúningi fyrir Stóru upplestrarkeppnina.		Starfsnám/valfag unglingadeildar í leikskólanum. Miðstignemendum boðið í kynningarheimsókn				Námskráin taki gildi í upphafi skólaársins 2013-2014
	Skólakórinn haldi "tónleika" á söngfundi í Álfasteini.						
<b>Ábyrgð</b>	Skólastjórnendur + skólast. TE	Umsjk yngsta námsh og skólah	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Umsjónarkennarar	Skólastjórnendur
<b>Bakhópur</b>	Umsjónarkennarar	Skólastjórnendur	Íþróttakennarar	Íþróttakennarar	Foreldrafélögin	Skólastjórnendur	umsjk yngsta námsh og skólah
<b>Upphaf verks</b>	Haust 2012	vordagar 2013	Haust 2013	Vorönn 2014	1.2.2014	Lok maí 2013	1.8.2013
<b>Lok verks</b>	vor 2013	vordagar 2013	Vor 2014	lok vorannar 2014	lok apríl 2014	Lok maí 2014	lok september 2013
<b>Mat</b>	vor 2013	matsdagar 2013	matsdagar 2014	matsdagar 2014	matsdagar 2014	matsdagar 2014	jafnhliða framkv. og matsd 2014

# Næstu þrjú skref

- Hrinda verkefnunum í framkvæmd
  - Má búast við því að fleiri hugmyndir fæðist í ferlinu
  - Einnig að einhverjar hugmyndanna komist ekki til framkvæmda á áætluðum tíma
  - Eða að einhverjar skili ekki því sem ætlast var til
- Niðurstaða-innihald námsins
  - **Stillum strengi** hefur undirbúið jarðveginn fyrir samræmingu og samfellu í námi barnanna og starfsþróun starfsmanna



# Stillum strengi og heiltæk forysta



# Stillum strengi og heiltæk forysta

Ef Stillum strengi er sett í samhengi við líkanið hér að framan hefur það fært Álfastein og Þelamerkurskóla að fyrsta skrefinu **mynda tengsl til samvinnu og samhæfingar.**

Við vinnslu verkefnanna (skref 2) má reikna með að starfsmenn eignu sér **hlutdeild í verkefninu** samhliða því að þeir vinna að **eigin starfsþróun.**

Það mun skapa vettvang til að **auka gæði námsins** (skref 3) í skólunum í Hörgársveit.